

Kirkjuþing 2023-2024

36 mál - Þskj. nr. 36a

Tillaga til þingsályktunar um ársreikning Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2023.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af framkvæmdanefnd kirkjuþings.

Frsm. Rúnar Vilhjálmsson.

Kirkjuþing 2023-2024 samþykkir ársreikning Þjóðkirkjunnar, kt. 460169-6909, fyrir árið 2023.

Greinargerð.

Ársreikningur Þjóðkirkjunnar fyrir rekstrarárið 2023 hefur verið staðfestur af endurskoðendum KPMG, framkvæmdastjóra rekstrarstofu og framkvæmdanefnd kirkjuþings. Afkoma Þjóðkirkjunnar á árinu 2023 er betri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir og sýnir rekstrarreikningur jákvæða niðurstöðu í árslok. Ársreikningurinn sýnir því ákveðinn viðsnúning í rekstri Þjóðkirkjunnar því umtalsvert tap hafði verið á rekstrinum á undanförunum árum.

Vísað er til skýrslu framkvæmdastjóra rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar og framkvæmdanefndar kirkjuþings, sem er hluti af ársreikningnum.

Þjóðkirkjan
Ársreikningur 2023

Þjóðkirkjan
Háaleitisbraut 66
103 Reykjavík

Kt. 460169-6909

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun framkvæmdanefndar kirkjubings og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun framkvæmdanefndar kirkjupings og framkvæmdastjóra

Þjóðkirkjan er þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar sem starfar á grundvelli laga um Þjóðkirkjuna nr. 77/2021.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Ársreikningur Þjóðkirkjunnar sýnir að afgangur var á rekstrinum á árinu 2023 sem nemur 166,0 millj. kr. Þetta er talsvert betri afkoma en var á árinu á undan og einnig er þetta umtalsvert betri afkoma en áætlun ársins hafði gert ráð fyrir. Hafa ber í huga að tekjufærður söluhagnaður af sölu fasteigna nemur rúmlega 140,7 millj. kr. sem bætir afkomu ársins sem því nemur. Einnig þarf að hafa í huga að endurnýja þurfti hitaveitu í Skálholti og viðgerðir í Skálholtskirkju að innan urðu umfangsmeiri en áætlað hafði verið. Brýnasta verkefnið í rekstri Þjóðkirkjunnar er að reksturinn verði sjálfbær og skili helst afgangi svo hægt sé að byggja upp varasjóð, sem er mikilvægt til að bregðast við mögulegum áföllum og óvæntum og ófyrirséðum útgjöldum. Sala fasteigna í eigu Þjóðkirkjunnar eru einskiptis tekjur sem leysa ekki úr rekstrarvanda Þjóðkirkjunnar til framtíðar lítið.

Laun og launatengd gjöld eru lang stærsti útgjaldaliðurinn en þessi liður hækkar milli ára. Launakostnaður er u.þ.b. 70% af heildarútgjöldum. Heildarfjöldi starfsmanna í lok árs 2023 voru 163 talsins í 157 stöðugildum. Störfin skiptast þannig að 135 starfsmenn í 132,2 stöðugildum heyra undir vígða þjónustu og 28 starfsmenn í 25 stöðugildum tilheyra þjónustumiðstöð.

Samkvæmt sjóðstreymisýfirliti er handbært fé í árslok 1.179,1 millj. kr. en var í ársbyrjun kr. 841,3millj. kr. Handbært fé hækkaði því um liðlega 337,8 millj. kr. milli ára sem er mjög jákvætt og hefur handbært fé því nánast tvöfaldast á tveimur árum sem verður að teljast mjög jákvætt. Handbært fé frá rekstri nam 97,6 millj. kr. Hrein eign félagsins í árslok nam 3.923,6 millj. kr. Vísast til ársreiknings breytingar á eiginfjárreikningnum.

Framkvæmdanefnd og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og staðfest hann með undirritun sinni. Framkvæmdanefnd og framkvæmdastjóri leggja til við Kirkjuping að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 5. mars 2024

Framkvæmdanefnd:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til Kirkjubings

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Þjóðkirkjunnar („félagsins“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og framkvæmdastjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 5. mars 2024

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Opinber framlög		4.277.600.000	3.992.600.000
Leigutekjur		162.160.944	94.432.147
Aðrar tekjur	10	199.902.501	176.983.964
		4.639.663.445	4.264.016.111
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	11	3.089.023.203	2.984.608.905
Styrkir og tilfærslur		490.605.431	485.470.134
Rekstur og viðhald eigna		354.214.522	304.642.283
Annar rekstrarkostnaður		558.086.430	498.247.518
Afskriftir	13	43.596.227	48.851.585
		4.535.525.813	4.321.820.425
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		104.137.632	(57.804.314)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur og gangvirðisbreyting verðbréfa		62.371.092	4.132.361
Vaxtagjöld		(528.082)	(4.564.651)
Fjármagnstekjuskattur		0	(251.664)
		61.843.010	(683.954)
Tekjur umfram gjöld	16	165.980.642	(58.488.268)

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Óefnislegar eignir	5	352.433	352.433
Varanlegir rekstrarfjármunir	13	3.075.739.432	3.218.397.879
Skuldabréfaeign	14	20.470.120	21.297.770
Fastafjármunir		<u>3.096.561.985</u>	<u>3.240.048.082</u>
Næsta árs afborganir skuldabréfaeignar	14	866.262	863.697
Skammtímakröfur	15	116.900.824	109.084.076
Handbært fé	9	1.179.095.496	841.337.303
Veltufjármunir		<u>1.296.862.582</u>	<u>951.285.076</u>
Eignir samtals		<u><u>4.393.424.567</u></u>	<u><u>4.191.333.158</u></u>
Eigið fé			
Höfuðstóll		5.350.871.143	5.184.890.501
Ábyrgðardeild		85.115.743	85.115.743
Endurmatsreikningur		(1.512.409.362)	(1.512.409.362)
Eigið fé	16	<u>3.923.577.524</u>	<u>3.757.596.882</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		139.039.866	90.569.625
Fyrirframinnheimtar tekjur		3.183.263	3.368.280
Aðrar skammtímaskuldir		327.623.914	339.798.371
Skammtímaskuldir		<u>469.847.043</u>	<u>433.736.276</u>
Skuldir samtals		<u>469.847.043</u>	<u>433.736.276</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>4.393.424.567</u></u>	<u><u>4.191.333.158</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins	16	165.980.642	(58.488.268)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		(140.270.885)	(96.248.033)
Afskriftir	13	43.596.227	48.851.585
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>69.305.984</u>	<u>(105.884.716)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(7.816.748)	8.724.038
Skammtímaskuldir, hækkun		36.110.767	12.454.923
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>28.294.019</u>	<u>21.178.961</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>97.600.003</u>	<u>(84.705.755)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	13	0	(2.113.393)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		239.333.105	282.548.548
Skuldabréfaeign, breyting		825.085	6.676.271
Fjárfestingarhreyfingar		<u>240.158.190</u>	<u>287.111.426</u>
Hækkun á handbæru fé		<u>337.758.193</u>	<u>202.405.671</u>
Handbært fé í ársbyrjun		<u>841.337.303</u>	<u>638.931.632</u>
Handbært fé í árslok		<u>1.179.095.496</u>	<u>841.337.303</u>

Skýringar

1. Félagið

Þjóðkirkjan („Félagið“) hefur lögheimili að Háaleitisbraut 66 í Reykjavík. Starfsemi félagsins felst í tilsjón með kristnihaldi, kenningum kirkjunnar og starfi hennar í landinu.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að fasteignir voru færðar á fasteignamat fram til ársins 2020. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Innlausn tekna

Tekjur vegna opinberra framlaga til rekstarins eru færðar á því tímabili sem þær tilheyra. Leigutekjur eru færðar til tekna í rekstrarreikning í samræmi við leigusamninga á leigutímanum. Arður af hlunnindum er færður til tekna við móttöku og aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

4. Skattar

Þjóðkirkjan starfar að almannaheillum og er skráð á sérstaka almannaheillaskrá sem Skatturinn heldur. Þjóðkirkjan er því undanþegin greiðslu tekjuskatts, þ.m.t. fjármagnstekjuskatts, samkvæmt 9. tölul. 4. gr. og 4. mgr. 71. gr. laga nr. 90/2003.

5. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru keyptur hugbúnaður sem færður er á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma sem er 5 ár.

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	33 - 100 ár
Innréttingar og búnaður	3-7 ár

7. Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign er færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Niðurfærsla hefur verið færð í ársreikninginn til að mæta áætlaðri tapsáhættu og er hún dregin frá skuldabréfaeign í efnahagsreikningi.

8. Skammtímafröfur

Skammtímafröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá skammtímafröfum í efnahagsreikningi.

9. Handbært fé

Sjóður, óbundnar bankainnstæður sem og innstæður sem bundnar eru til skemmi tíma en þriggja mánaða og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

10. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:

	2023	2022
Arður af hlunnindum	24.801.560	17.793.233
Söluhagnaður	140.727.287	111.913.783
Framlög prófastdæma og héraðssjóða	23.603.227	36.154.918
Ýmsar tekjur	10.770.427	11.122.030
Aðrar tekjur samtals	199.902.501	176.983.964

Skýringar

11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2023	2022
Laun	2.517.570.425	2.422.840.896
Launatengd gjöld	574.657.282	549.261.306
Breyting á áföllu orlofi	(13.718.309)	(1.733.633)
Annar starfsmannakostnaður	10.513.805	14.240.336
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>3.089.023.203</u>	<u>2.984.608.905</u>
Ársverk	157	160

12. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:	Hugbúnaður
Bókfært verð 1.1.2023	352.433
Bókfært verð 31.12.2023	<u>352.433</u>
Afskriftahlutföll	0%

13. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Fasteignir	Jarðir	Innréttingar og búnaður	Hlunnindi	Samtals
Heildarverð 1.1.2022	2.824.558.087	336.102.000	99.018.724	298.848.000	3.558.526.811
Viðbót á árinu			2.113.393		2.113.393
Selt á árinu	(150.155.000)	(40.496.005)	(1.099.547)		(191.750.552)
Heildarverð 31.12.2022	<u>2.674.403.087</u>	<u>295.605.995</u>	<u>100.032.570</u>	<u>298.848.000</u>	<u>3.368.889.652</u>
Selt á árinu	(102.126.000)				(102.126.000)
Heildarverð 31.12.2023	<u>2.572.277.087</u>	<u>295.605.995</u>	<u>100.032.570</u>	<u>298.848.000</u>	<u>3.266.763.652</u>
Afskrifað alls 1.1.2022	60.109.269	0	46.980.956	0	107.090.225
Afskriftir færðar út við sölu	(5.200.650)		(249.387)		(5.450.037)
Afskriftir ársins	<u>32.187.321</u>		<u>16.664.264</u>		<u>48.851.585</u>
Afskrifað alls 31.12.2022 ..	<u>87.095.940</u>	<u>0</u>	<u>63.395.833</u>	<u>0</u>	<u>150.491.773</u>
Afskriftir færðar út við sölu	(3.063.780)				(3.063.780)
Afskriftir ársins	<u>29.432.511</u>		<u>14.163.716</u>		<u>43.596.227</u>
Afskrifað alls 31.12.2023 ..	<u>113.464.671</u>	<u>0</u>	<u>77.559.549</u>	<u>0</u>	<u>191.024.220</u>
Bókfært verð 31.12.2022 .	<u>2.587.307.147</u>	<u>295.605.995</u>	<u>36.636.737</u>	<u>298.848.000</u>	<u>3.218.397.879</u>
Bókfært verð 31.12.2023 .	<u>2.458.812.416</u>	<u>295.605.995</u>	<u>22.473.021</u>	<u>298.848.000</u>	<u>3.075.739.432</u>
Afskriftahlutföll	1-3%	0%	15-30%	0%	

Fasteignamat og brunabótamat

Fasteignamat fasteigna nam 4.261,7millj. kr. í árslok 2023 og brunabótamat nam 10.828,6 millj. kr. á sama tíma.

Skýringar

14. Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign greinist þannig:	2023	2022
Skuldabréf frá Jöfnunarsjóði sókna	8.136.382	8.961.467
Félag áhugafólks um uppbyggingu Þorláksbúðar	10.316.574	10.316.574
Reykholtsstaður ehf.	13.200.000	13.200.000
Skuldabréfaeign samtals	31.652.956	32.478.041
Afskriftareikningur vegna varúðarniðurfærslu	(10.316.574)	(10.316.574)
Næsta árs afborganir skuldabréfaeignar	(866.262)	(863.697)
Skuldabréfaeign samkvæmt efnahagsreikningi	20.470.120	21.297.770

Afborganir skuldabréfaeignar greinist þannig á næstu ár:

Afborganir árið 2024/2023	866.262	863.697
Afborganir árið 2025/2024	866.262	861.817
Afborganir árið 2026/2025	861.593	861.817
Afborganir árið 2027/2026	781.593	857.149
Afborganir árið 2028/2027	781.593	777.149
Síðar	27.495.653	28.256.412
Afborganir skuldabréfaeignar samtals	31.652.956	32.478.041

15. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	2023	2022
Endurgreiðsla virðisaukaskatts	46.301.093	33.329.922
Viðskiptakröfur	26.637.535	34.973.172
Fyrirframgreiddur kostnaður	36.311.039	39.385.179
Endurgreiðsla fjármagnstekjuskatts	6.255.354	0
Aðrar skammtímakröfur	1.395.803	1.395.803
Aðrar skammtímakröfur samtals	116.900.824	109.084.076

16. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Höfuðstóll	Ábyrgðar- deild	Endurmats- reikningur	Samtals
Eigið fé 31.12.2022	5.241.568.079	85.115.743	(1.512.409.362)	3.814.274.460
Tónlistarsjóður kirkjunnar og STEFs	1.810.690			1.810.690
Gjöld umfram tekjur á árinu	(58.488.268)			(58.488.268)
Eigið fé 31.12.2022	5.184.890.501	85.115.743	(1.512.409.362)	3.757.596.882
Tekjur umfram gjöld á árinu	165.980.642			165.980.642
Eigið fé 31.12.2023	5.350.871.143	85.115.743	(1.512.409.362)	3.923.577.524

Í mars 2022 var Tónmenntasjóði kirkjunnar slitið og runnu eignir sjóðsins inn í Tónlistarsjóð kirkjunnar og STEFs sem var stofnaður í apríl sama ár. Reikningsskil nýja sjóðsins eru meðtalin í ársreikningi Þjóðkirkjunnar.

Skýringar

17. Leigusamningar

Félagið leigir skrifstofuhúsnæði. Leigusamningar félagsins flokkast sem rekstrarleigusamningar og eru þeir því ekki færðir í efnahagsreikning. Leigusamningar eru ótímabundnir með uppsagnarfresti annarsvegar sex mánaða og hinsvegar tólf mánaða.

Rekstrarleigugjöld námu 119,6 millj. kr. á árinu. Þau eru færð í rekstrarreikning meðal annars rekstrarkostnaðar. Eftirfarandi tafla sýnir ónúvirtar framtíðarleigugreiðslur félagsins næstu ár. Í töflunni er ekki tekið tillit til framtíðarverðbólgu á greiðslur verðtryggðs húsaleigusamnings.

2023

Leigugreiðslur árið 2024 13.231.483

18. Önnur mál

Ábyrgðir

Félagið er ábyrgt fyrir lánum sókna sem voru styrkhæfar samkvæmt lögum nr. 91/1987 um sóknargjöld. Nema ábyrgðir í árslok 2023 136,2 millj. kr.

Sundurliðanir

	2023	2022
Rekstur og viðhald eigna		
Rafmagn og hiti	4.528.838	4.549.451
Fasteignagjöld og vatnsskattur	33.359.039	30.811.340
Öryggisgæsla	381.348	292.425
Þrif	1.074.226	1.542.629
Viðhald fasteigna	291.468.809	247.949.433
Tryggingar	357.570	221.488
Arður	677.172	14.161.147
Uppgjör ábúenda	13.683.427	0
Annar kostnaður	8.684.093	5.114.370
	<u>354.214.522</u>	<u>304.642.283</u>
Laun og launatengd gjöld		
Laun	2.517.570.425	2.422.840.896
Lífeyrissjóður	304.446.812	294.762.965
Sjóðagjöld	81.297.307	78.913.651
Tryggingagjald	183.552.807	176.224.143
Hlutdeild í launum	0	(5.004.920)
Dagpeningar	6.748.395	3.332.512
Styrkir	5.360.356	4.365.467
Breyting á áföllnu orlofi	(13.718.309)	(1.733.633)
Annar starfsmannakostnaður	3.765.410	10.907.824
	<u>3.089.023.203</u>	<u>2.984.608.905</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Rafmagn og hiti	0	331.171
Viðhald og rekstur	1.128.435	10.610.500
Húsaleiga	141.365.779	88.645.638
Tryggingar	7.924.415	7.218.657
Sorphirða	31.028	81.089
Hreinlætisvörur og ræsting	3.302.802	6.970.593
Hússjóður	9.840.158	7.486.342
Sími og burðargjöld	14.570.329	12.304.712
Ritföng og prentun	1.714.656	2.097.499
Tímarit	136.316	326.827
Bókhald og reikningsskil	21.047.443	8.701.679
Sérfræðiaðstoð	160.996.608	134.609.480
Ferðakostnaður	13.508.034	12.769.701
Kaffikostnaður	11.028.053	11.248.760
Námskeið	1.046.000	175.300
Auglýsingar	2.327.820	3.490.850
Flutningskostnaður	4.454.433	4.722.765
Viðhald áhalda	29.408	60.204
Keypt áhöld og rekstrarvörur	6.353.722	4.030.259
Rekstur tölvukerfis	57.195.776	58.311.953
Aðkeyptur akstur og bílaleigubílar	56.170.408	55.025.311
Rekstur bifreiða	8.906.085	8.375.585
Funda- og viðskiptakostnaður	6.500.498	3.035.417
Styrkir og gjafir	185.124	1.282.527
Risna	12.400	253.531
Félagsgjöld	5.522.731	4.358.429
Ýmsir styrkir	2.416.085	10.273.092
Rekstrarframlag vegna Tónskóla Þjóðkirkjunnar	16.253.520	20.301.229
Kostnaðarhlutdeild	0	2.466.494
Tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna	456.402	15.665.750
Annar kostnaður	3.661.962	3.016.174
	<u>558.086.430</u>	<u>498.247.518</u>